



Sesselja Eiríksdóttir

Fædd 22. ágúst 1941

Dáin 11. júní 2023

*Ástvinir þakka vináttu og samúð og bjóða
viðstöddum að þiggja veitingar í safnaðarheimili
Grafarvogskirkju að lokinni athöfn.*

Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði.

Prestur: Séra Guðrún Karls Helgudóttir

Organisti: Tómas Guðni Eggertsson

Einsöngur: Páll Óskar Hjálmtýsson

Kór: Schola Cantorum

Gítarleikur fyrir útför: Daniel Helgason

Umsjón útfarar: Frimann og Hálfán - Útfararþjónusta

Útför frá Grafarvogskirkju
fimmtudaginn 29. júní 2023

FORSPIL

You'll Never Walk Alone

Richard Rodgers

BÆN

EINSÖNGUR

Í bljúgri bæn

Pétur Þórarinnsson / Amerískt þjóðlag

RITNINGARLESTUR

Þannig týnist tíminn

Bjartmar Guðlaugsson

RITNINGARLESTUR

Sérhver draumur lifir aðeins eina nótt
sérhver alda rís en hnígur jafnan skjótt
hverju orði fylgir þögn – og þögnin hverfur alltof fljótt.

En þó að augnablikið aldrei fylli stund
skaltu eiga við það mikilvægan fund
því að tár sem þerrað burt – aldrei nær að græða grund.

Lítu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísunum að.

Þú veist að tímans köldu fjötra enginn flýr
enginn frá hans löngu glímu aftur snýr.
Því skaltu fanga þessa stund – því fegurðin í henni býr.

Bragi Valdimar Skúlason

GUÐSPJALL

Sem lindin tær

Bjarki Árnason / Casano Conty

MINNINGARORÐ

EINSÖNGUR

Það geta ekki allir verið gordjöss

Bragi Valdimar Skúlason,

BÆN

Vér biðjum þig, Drottinn, að blessa þá hrjáðu,
þú birtir oss syndugum mátt þinn á jörð.
Lát náðarsól rísa, veg þeim öllum vísa,
er villir fóru leið, hafa týnt sinni hjörð.

Þú leiðir oss, Drottinn, að lindunum hreinu,
þú ljósið þitt kveikir við himnanna stól.
Um tíma þó syrti, þá brátt aftur birtir,
þú breiðir út þinn faðm og veitir oss skjól.

Vér flytjum þér lofgjörð, þú líknar og græðir
og léttir oss göngu í stormanna klið,
frá ánaud og helsti gef hjörð þinni frelsi,
þín hjálp er jafnan nær! Ó, Guð, veit oss frið.
Veit oss þinn frið!

Óskar Ingimarsson / Adrian Valerius

FADIR VOR

Þar sem englarnir syngja sefur þú
sefur í djúpinu væra.

Við hin sem lifum, lifum í trú
að ljósið hjarta skæra
veki þig með sól að morgni
veki þig með sól að morgni.

Drottinn minn faðir lífsins ljóss
lát náð þína skína svo blíða.
Minn styrkur þú ert, mín lífsins rós
tak burt minn myrka kvíða.
Þú vekur hana með sól að morgni
þú vekur hana með sól að morgni.

Farðu í friði vina mín kær
faðirinn mun þig geyma.
Um aldur og ævi þú verður mér nær
aldrei ég skal þér gleyma.
Svo vöknum við með sól að morgni
svo vöknum við með sól að morgni.

Bubbi Morthens

MOLDUN

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Sveinbjörn Egilsson / P. C. Crossing

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Matthías Jochumsson / P. C. Crossing

BLESSUN

EFTIRSPIL

Söknuður

Jóhann Helgason